



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Kópavogi, 11. mars 2015.

Efni: Frumvarp til laga um byggingarsjóð Landspítala, 169. mál, þingmannafrumvarp.

Vísað er til tölvubrúefs Alþingis frá 14. nóvember sl. þar sem óskað er álitis Læknafélags Íslands (LÍ) á frumvarpi til laga um byggingarsjóð Landspítala, 169. mál á 144. löggjafarþingi.

Í frumvarpinu felst að stofnaður verði sjálfstæður sjóður í vörslu fjármála- og efnahagsráðuneytis sem hafi það hlutverk að fjármagna nýbyggingar og meiri háttar endurnýjun húsakosts Landspítala. Hlutverk sjóðsins verði að taka við og eftir atvikum ávaxta markaðar tekjur hans. Sjóðurinn megi ennfremur taka við frjálsum framlögum. Tekjustofn sjóðsins verði fyrst og fremst tekjur af auðlegðarskatti. Í frumvarpinu felst því að álagning auðlegðarskatts verði framlengd til 2019, með nokkurri breytingu þó á álagningarreglum. Þær tekjur sem álagning auðlegðarskatts gefur, sem verði árlega upp á u.þ.b. 9-9,5 milljarða króna, renni í byggingarsjóðinn sem markaðar tekjustofn. Þá gerir frumvarpið ráð fyrir að ef fjármunir sjóðsins af hinum afmarkaða tekjustofni dugi ekki til að endurgreiða ríkissjóði útlagðan stofnkostnað vegna nýbyggingar og endurnýjunar húsakosts Landspítala þá megi sjóðurinn taka lán. Þak er sett á lántökuheimildir sjóðsins.

LÍ hefur í fyrri umsögnum um þingmál sem snúa að byggingu nýs Landspítala lýst yfir ítrekuðum stuðningi sínum við að ráðist verði í þá byggingu og það sem fyrst. LÍ kýs þó að taka ekki afstöðu til þess með hvaða hætti ríkissjóður stendur að því að fjármagna framkvæmdir við nýjan Landspítala.

Virðingarfyllt,
f.h. stjórnar Læknafélags Íslands,

Þorbjörn Jónsson,
formaður.